

Ársfundur Kolviðar
29. júní 2009

Kolviður

Ársfundur fyrir árið 2008

Elliðavatni 29. Júní 2009

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2007 og 2008

Kolviðarsjóðurinn er stofnaður af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd sem hafa yfirumsjón með starfsemi hans. Kolviðarsjóðurinn starfar samkvæmt skipulagsskrá sem staðfest var í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 15. júní 2006.

Starfsemi Kolviðar hófst á vordögum 2007 með kynningu á verkefninu og opnun heimasíðu. Stjórn Kolviðar er nú þannig skipuð Reynir Kristinsson form., Björgólfur Thorsteinsson rit., Magnús Gunnarsson, Einar Gunnarsson og Bergur Sigurðsson

Markmið Kolviðar

Kolviður er sjóður sem miðar að því að binda kolefni í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koldíoxíðs (CO₂) í andrúmslofti.

Sjóðurinn vinnur að þessu m.a. með því að:

Gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að gerast kolefnishlutlaus.

Fjármagna aðgerðir til bindingar kolefnis með landgræðslu og skógrækt.

Stuðla að verndun jarðvegs og gróðurs.

Stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.

Draga úr heildar losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi

Sjóðurinn hvetur til að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda af fremsta megni og til kolefnisbindingar í jarðvegi og gróðri fyrir þá losun sem óhjákvæmileg er.

Horft til lengri tíma munu þau svæði sem Kolviður ræktar verða áhugaverð til frekari rannsókna og útivistar.

Endurskoðun

Tilurð sjálfstæðra sjóða eins og Kolviðarsjóðsins byggir á því að þeir sem leggja honum til fé geti treyst því að fjármunum hans sé varið með réttum hætti og að starfsemin skili þeim árangri sem lofað er. Stjórn sjóðsins leggur því ríka áherslu á skilvirkt fjárhags- og kolefnisbókhald og hefur endurskoðunarfyrirtækið KPMG endurskoðað bókhald starfseminnar fyrir árið 2007 og 2008 og er það álit þeirra að ársreikningarnir gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins.

Reikningar sjóðsins eru sendir Ríkisendurskoðun samkvæmt lögum sem gilda um slíka sjóði.

Sala á kolefnisjöfnun

Viðskiptavinir Kolviðar kaupa kolefnisbindingu til þess jafna útblástursmengun ökutækja sinna og vegna flugferða sem og skipaflutninga.

Reiknilíkan á vefsíðu Kolviðar býður fólki að reikna út nauðsynlega kolefnisjöfnun og leggja fé í sjóðinn sem fjármagnar skógræktaraðgerðir s.s. gróðursetningu trjáa á svæðum sem um hafa verið gerðir langtímasamningar (90 ár).

Að samningstíma loknum skilar sjóðurinn landinu með þeim gróðri sem þar er að finna.

Við upphaf starfseminnar fékk sjóðurinn 28 millj. kr. styrk frá bakhjörllum sínum sem voru ríkið, Orkuveita Reykjavíkur og Kaupþing.

Samanlögð sala á kolefnisjöfnun fyrir árin 2007 og 2008 er kr. 25.504.071.-

Með því hefur Kolviðarsjóðurinn skuldbundið sig til að binda 18.260 tonn af koltvísýringi á 90 árum.

Nánast allar tekjur ársins 2008 kom inn fyrstu sex mánuði ársins en frá hálfársuppgjöri voru tekjurnar um kr. 340.000.- sem endur speglar hrun fjármálamarkaðanna og þá óvissu sem það skapaði og stendur enn.

Í upphafi var Soffia Waag Árnadóttir ráðin sem framkvæmdastjóri sjóðsins og leiddi hún uppbyggingu starfseminnar en þegar að þrengdi um mitt ár 2008 lét hún af störfum og Björgólfur Thorsteinsson tók við daglegum rekstri í hlutastarfi. Eru þeim þökkuð vel unnin störf fyrir sjóðinn.

Gróðursetning

Fyrsta verkefni Kolviðar er skógrækt á örfoka landi á Geitasandi sem Landgræðsla ríkisins leigir Kolviði til 50 ára með framleigurétti önnur 40 ár en að þeim tíma liðnum yfirtekur Landgræðslan svæðið og þann skóg sem þar verður. Stærð svæðisins er um 190 ha.

Gerður var verksamningur við Skógræktarfélag Rangæinga um gróðursetningu og umhirðu á Geitasandi á grundvelli skógræktaráætlunar sem unnin var af Skógræktarfélagi Íslands.

Árið 2007 voru gróðursettar 31.796 plöntur innan landgræðslugirðingarinnar á Geitasandi. Á árinu 2008 voru gróðursettar 143.478 plöntur og á árinu 2009 er unnið að gróðursetningu um 150 þúsund plantna og hefur þá verið plantað um 325 þús. plöntum og þar með er nær lokið við að gróðursetja í þá 190 hektara sem samið hefur verið um á sandinum.

Áætlanir gera ráð fyrir að meðalbinding á hektara í Kolviðarverkefninu séu 330 tonn á 90 árum. Að því gefnu svara núverandi skuldbindingar Kolviðar til 55 hektara af skógi. Með þeirri plöntun sem var árið 2008 og á þessu ári á Kolviður nú sem nemur um 30 þúsund tonn af CO₂ á lager til sölu á árinu 2009. Þess er vænst að ríkið kolefnisjafni akstur sinn og ferðalög starfsmanna á þessu ári eins og á árinu 2008 en þá voru þeir stærsti einstaki kaupandinn með um 9 þús. tonn af CO₂. Einnig er leitað til fyrrum bakhjarla og annarra fyrirtækja varðandi kolefnisjöfnun þeirra. Áfallinn kostnaður vegna skógræktarframkvæmda árið 2007 og 2008 (greiðslur til Skógræktarfélags Rangæinga) nema kr. 8.415.308.- og að auki hefur sjóðurinn greitt kr. 500.000.- upp í kostnað við skógræktaráætlun.

Áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna umhirðu og umsjónar með skóginum nema kr. 8.272.495 þar af koma um 68% til gjalda á næstu fimm árum en afgangurinn á fimm ára fresti til loka skuldbindingatímabils sem er 90 ár.

Að auki hefur stjórn sjóðsins samþykkt að 5% af tekjum sjóðsins skuli leggja fyrir á sérstakan Tryggingareikning til tryggingar fyrir áföllum.

Vöxtur, þrif og vanhöld á Geitasandi eru vel innan eðlilegra marka. Þó of snemmt sé að draga víðtækar ályktanir af árangri af skógrækt á Geitasandi þykir ástæða til að lækka markmið um þéttleika nýgróðursetninga úr 2700 plöntur/ha í 2500 plöntur/ha og ná þannig aukinni hagkvæmni í ræktuninni. Áætlaðar íbætur eftir fimm ár verða eftir sem áður 400 plöntur/ha.

Afköst þess skógar sem upp vex er háður vaxtarskilyrðum, ræktunaraðgerðum og áræðanleika þeirra. Í áætlunum Kolviðar er gert ráð fyrir fjölbreyttu vali trjátegunda sem eykur bæði afköst og öryggi.

Frá upphafi hefur Kolviðarverkefnið verið hugsað sem verkefni með breitt verkefnaval og áætluð afköst og áhættudreifing þolir varla til lengdar Geitasand sem eina verkefnið. Ræktun sem byggir eingöngu á „Íslenskum“ tegundum er bæði áhættusamari og ekki líkleg til að afkasta meira en 1/3 af þeim 330 tonnum CO₂/ha/90 ár sem áætlanir Kolviðar gera ráð fyrir.

Hafa verður í huga við val á nýjum verkefnum líklega afkastagetu þeirra og að á móti hverju verkefni með slök afköst verður að koma annað verkefni með miðlungs eða góð afköst. Sýnt hefur verið fram á með vönduðum rannsóknum á kolefnisbindingu í skógum á Íslandi, að meðalbinding á hektara/ár getur verið á bilinu 1-25 tonn. Kolviður notast við lágmarks meðalgildi sem er 3,66 tonn ha/ár/90 ár.

Framtíðarsýn

Hafnar eru viðræður við Landgræðslu ríkisins um leigu á nýjum svæðum til gróðursetningar og er þá haft í huga að fá inn fleiri svæði til að auka fjölbreytileika.

Það er vilji stjórnarinnar að hægt verði að vera með gróðursetningarsvæði í hverjum landsfjórðungi þannig að þeir sem vilja kolefnisjafna geti valið svæði og fylgst með árangri í framtíðinni einnig hefur stjórnin skoðað möguleika til ræktunar erlendis og þá litið til Uganda. Ekki skiptir máli hvar plantað er það kemur alheimi til góða en ræktunarskilyrði geta verið mismunandi einnig kostnaður og félagsleg áhrif m.t.t. atvinnusköpunar.

Kolefnisbinding með skógrækt hefur því margbreytileg jákvæð viðbótar áhrif.

Nokkur óvissa er um hvert tekjustreymið verður í sjóðinn í ár. Stjórn sjóðsins tók hins vegar ákvörðun um að gróðursetja umfram skuldbindingar vegna sterkrar stöðu sjóðsins og er þá gengið á fjármuni í sjóðnum, sem höfðu verið teknir frá til að standa straum af framtíðarkostnaði við skóginn, m.a. vegna áburðar, umhirðu og viðbótargróðursetningu inn í skóginn eftir 5-6 ár frá fyrstu gróðursetningu. Það má segja að við séum að framleiða kolefnisjöfnun á lager sem við væntum að selja á þessu eða næsta ári.

Ríkistjórnin og umhverfisráðherra hafa uppi háleit markmið í umhverfismálum stjórn sjóðsins hefur þegar líst vilja sínum til samstarfs þannig að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar.

Fh. Stjórnar Kolviðar
Reynir Kristinsson, form.